

Með því nú að umgetið fyrirtæki er eigi sérstaklega undanþegið skemmtanaskatti telst það skattskyldt samkv. 2. gr. laga nr. 56, 1927, og með því að kærður hefir eigi viljað eða talið sér skyldt að greiða skemmtanaskatt, er um brot á 2. grein laganna að ræða af hálfu kærðs, og á ákærður að sæta sekt fyrir það, er þykir hæfilega metin 50 krónur samkv. 7. gr. téðra laga, og rennur sektin í rikissjóð. Svo ber og kærðum að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað.

Á málinu hefir enginn óþarfadráttur orðið.

---

Föstudaginn 4. dez. 1931.

Nr. 49/1931. **Valdstjórnin** (Guðm. Ólafsson)  
 gegn  
**Albert Green** (Lárus Fjeldsted).

Veiðarfæri í ólagi.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 7. apríl 1931: Kærður, Albert Green, sæti 2500 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi einfalt fangelsi í 2 mánuði í stað sektarinnar sé hún ekki greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði og allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur hæstaréttar.**

Brot ákærða er af undirdómaranum réttilega heimfært undir 2. málsgrein 3. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, ber því að staðfesta hinn áfrýjaða lögregluréttardóm, þó með þeirri breytingu, að refsing kærða, með tilliti til þess, að gengi íslenzkrar krónu er nú 55,14 gullaurar, ákveðst 3600 kr. sekt til Landhelgissjóðs.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar,

þar með talin málaflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 100 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Albert Green, skipstjóri á botnvörpu-skipinu A. 23, „Loch Carron“, frá Aberdeen, sæti 3600 kr. sekt til Landhelgissjóðs Íslands og komi 2ja mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, sé hún eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði og allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og hæstarétti, þar með talið málaflutningskaup sækjanda og verjanda í hæstarétti, málaflutningsmannanna Guðmundar Ólafssonar og Lárusar Fjeldsted, 100 kr. til hvors.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Albert Green, skipstjóra á togaranum A. 23, Loch Carron, frá Aberdeen, fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 5/1920, um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi og viðauka við þau lög nr. 36/1926, sbr. lög nr. 4/1924.

Málavextir eru þessir:

Hinn 4. apríl síðastl. tók varðskipið Ægir, út af Stafnesi, fastan togarann A. 23, Loch Carron, sem kærður er skipstjóri á, og reyndist tökustaður togarans samkvæmt mælingum varðskipsins, sem kærður hefir ekki mótmælt, 0,35 sjómilur innan landhelgislínunnar. Hefir kærður og tekið gilda framburði skipherrans og 1. stýrimanns á varðskipinu, sem eiðfestir væru, og verður því að álíta sannað, að togarinn hafi verið á umræddum stað, er hann var tek-

inn, enda þótt hann hefði þá þegar siglt út frá landi í 6 mínútur.

Samkvæmt játningu kærðs og öðru, sem fram hefir komið í málinu, voru veiðarfæri togarans stjórnborðsmegin óbúkuð. Héngu hlerarnir í gálgum utanborðs og netið allt óbundið eða því sem næst.

Nokkrir fiskar voru á dekki, en þeir voru dauðir, og varpan var ekki það blaut, að álitnið yrði, að hún hefði nýlega verið í sjó.

Kærður hefir haldið því fram, að hann hafi alls ekki ætlað að fiska í landhelgi, þar sem hann var tekinn, heldur dýpra undan svonefndum Ósum. Hann hefir og ásamt stýrimanninum haldið því fram, að hann hafi ekki verið farinn að gera neinar sérstakar ráðstafanir til að kasta, er hann var tekinn.

En með því, að upplýst þykir vera, að veiðarfærin hafi verið í því ásigkomulagi, að engan sérstakan undirbúning hafi þurft áður en kastað yrði, annan en þann, sem þá er gerður alveg um leið, og að kærður er þarna staddur á fiskisvæði, þá þykir ekki mega lúka málinu samkv. fyrirmælum laga nr. 36/1926, 1. gr., heldur verði að líta svo á, að kærður hafi gerzt brotlegur gegn 2. grein laga nr. 5, 1920, sbr. 3. gr., 2. mgr., og þykir refsing hans, sem ekki hefir áður verið refsað fyrir samskonar brot, með tilliti til þess, að gengi íslenzkrar krónu er í dag samkvæmt upplýsingum frá Landsbanka Íslands 81,79 gullaurar hæfilega ákveðin 2500 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands og komi einfalt fangelsi í tvo mánuði í stað sektarinnar, sé hún ekki greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði og allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.